

Óvirkur

LEIGUSAMNINGUR

Bæjarstjórnin í Kópavogi, samkvæmt umboði bæjarráðs Kópavogs leigir hér með Eiríki K. Gunnarssyni, kt. 151161-4999, og Inger Steinunni Steinsson, kt. 281263-3829, undir kennarabústað spildu úr landi Lækjarbotna með eftirfarandi nánari skilmálum:

1. Landið er nefnt **Lækjabotnaland 53E (L53E)**.
Flatarmál þess er 216 m² og lögun þess og staðsetning eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdretti dags. 27. september 1994.
2. Landið er leigt til ársloka 2004. Verði leigutíminn ekki framlengdur að þeim tíma liðnum fellur landið aftur til kaupstaðarins og verður leigutaki að fjarlægja þau mannvirki sem reist hafa verið og ganga frá landinu sem næst því sem það var áður en framkvæmdir hófust, Kópavogskaupstað að kostnaðarlausu.
3. Leigugjald fyrir lóðina skal vera kr. 5,24 pr. fermetra á ári. Leigutaki skuldbindur sig til að hlíta þeim breytingum á leigugjaldinu, sem bæjarstjórn Kópavogs kann að ákveða bæði hvað varðar upphæð þess, gjalddaga og greiðslustað.
4. Leigutaka er algjörlega óheimilt að leyfa öðrum félögum, stofnunum eða einstaklingum að reisa byggingar á landinu, flytja á það hús eða vera með starfsemi á landinu. Leigutaka er enn fremur óheimilt að framselja eða láta af hendi á annan hátt til einstaklinga, stofnana eða félaga hluta af landi þessu eða að öllu leyti nema samþykki bæjarráðs Kópavogs komi til.
5. Leigutaka er heimil uppsögn með 3 mánaða fyrirvara. Leigusala er heimil uppsögn með 1 árs fyrirvara miðað við áramót, enda sé landið tekið til skipulagrar byggðar eða annarra nota á vegum leigusala.
Fyrir mannvirki á landinu greiðir Kópavogskaupstaður ekki bætur. Fyrir leiguréttinn greiðist ekkert endurgjald. Slík afhending á landinu eða hluta af því, skal þó í engu skerða rétt veðhafa.
Áður en mannvirki er fjarlægt skal leigutökum skylt að aflétta af því veðböndum sem kunna að hafa verið lögð á það sem hluta af fasteigninni. Meðan veðböndum hefur ekki verið aflétt standa mannvirkin til tryggingar fyrir öllum kostnaði er á leigusala kann að falla vegna veðsetninga.
Þau mannvirki leigutaka sem ekki hafa verið fjarlægð innan 1 árs frá lokum leigutíma falla til leigusala og er honum rétt að taka þau til nýtingar eða láta fjarlægja þau á kostnað leigutaka, allt að teknu tilliti til veðsetninga.
6. Öll mannvirki á landinu eru háð samþykki byggingarnefndar Kópavogs. Leigutakar eiga umferðarrétt um land leigusala að mannvirkjum sínum.
7. Allt jarðrask utan lóðar, þ.m.t. vegalagningar eru óheimilar nema með sérstöku leyfi bæjarráðs Kópavogs. Kópavogskaupstaður mun ekki sjá um viðhald vega að landinu né annast snjómokstur. Leigutaki annast sjálfur sorphirðu á eigin kostnað.

8. Leigutaki skuldbindur sig til að koma upp mengunarvörnum á eigin kostnað og hlýta þeim ákvæðum sem fram koma í leyfi og starfsreglum heilbrigðisnefndar Kópavogs frá 16. maí 1994 vegna mengunarvarna.
9. Leigutaka eru heimilar veðsetningar enda séu slíkar veðsetningar vegna stofn-
eða viðhaldskostnaðar mannvirkja. Gildi veðsetninga er háð samþykki leigusala. Gildar veðsetningar samkvæmt grein þessari standa óhaggaðar við lok eða niðurfall samnings.
10. Kópavogskaupstað er heimilt að rifta samningi þessum bótalaust, sé viðhald mannvirkja á landinu óviðunandi eða mengunarvarnir reynist ófullnægjandi að álitu heilbrigðisyfirvalda. Kópavogskaupstað er þá heimilt að láta fjarlægja mannvirki á landinu á kostnað leigutaka í samræmi við ákvæði 5. greinar.
11. **Aðrir skilmálar:**

Leyfi heilbrigðisnefndar er til 1. ágúst 1995 og framlengist ekki sjálfkrafa. Áður en leyfið verður framlengt skal meta virkni þess hreinsibúnaðar fyrir skólp sem settur verður upp (ljardvegssíur).

Komi í ljós að hreinsibúnaðurinn virkar ekki sem skyldi verður leyfi heilbrigðisnefndar ekki framlengt.

12. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á samningi þessum og stimpilgjald.

Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs og ber leigutaki ábyrgð á greiðslu stimpil- og þinglýsingargjalda vegna samnings þessa.

Bæjarstjórnin í Kópavogi



Ég undirritaður leigutaki geng að öllum framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til þess að halda þá í öllum greinum.

Kópavogi... 18. Okt. 19. 94

Gísli K. L.

Magnus S. Jónsson

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði:

Anders Jónsson kt. 180268-3679

Jóhann M. Petross kt. 050172-2959

